

Reykjavík, 22. apríl 2005

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, 592. mál.

Þetta frumvarp er hluti af umfangsmikilli uppstokkun á lögum og skipulagi þeirra stofnana sem sinna eftirliti með markaðnum. Annars vegar er ætlunin að færa hluta Samkeppnisstofnunar til Samkeppniseftirlits og hins vegar neytendaeftirlit til Neytendastofu, og sameina starf sem heyrir undir Löggildingarstofu þeirri nýju stofnun. (Sjá einnig umsögn um 590. mál)

BSRB leggur áherslu að menn fari sér að engu óðslega í þessum efnum því reynslan sýnir að hraði og fljótræði hefur leitt til slæmra mistaka. Sú uppstokkun sem á sínum tíma var gerð á rafmagnseftirliti landsmanna, og var harðlega mótmælt af BSRB, hefur reynst afar illa eins og dæmin sanna. Öll gagnrýni var þá virt að vettugi og hraðsoðnar breytingar gerðar á lögum. Rafmagnseftirliti í landinu hrakaði fyrir bragðið og tilkostnaður við rafmagnsskoðun varð hlutfallslega hærrí en áður var. Þá hefur uppstokkun á rafmagnseftirlitinu verið sérlega óheppileg fyrir landsbyggðina því allar einkareknu skoðunarstofurnar sem sinna verkefninu undir handarjaðri Löggildingarstofu hafa verið á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er vert að hafa í huga nú þegar stjórnvöld boða umfangsmiklar breytingar.

Nú stendur til að færa þá þætti sem lúta að neytendavernd og eftirliti til Löggildingarstofu og breyta jafnframt nafni þeirrar stofnunar sem áður segir. Svo virðist sem talsmanni neytenda, sem svo er nefndur og á að sinna þessu verkefni, verði þröngur stakkur sniðinn og er það engan veginn í samræmi við yfirlýstan vilja stjórnvalda og meint markmið þessara lagabreytinga um bætt neytendavernd og markvissara eftirlit með samkeppni. BSRB telur að áður en ráðist er í þessar breytingar þurfi að gera betur grein fyrir skipulagi og fyrirkomulagi innan veggja hinna nýju stofnana, Neytendastofu og Samkeppniseftirlits. Á Norðurlöndum hefur farið fram mikil umræða um fyrirkomulag samkeppniseftirlits og neytendaverndar og hafa þar verið sett á laggirnar embætti umboðsmanns neytenda og er vel að þeim embættum búið.

BSRB hefur átt viðræður við fulltrúa annarra samtaka launafólks og Neytendasamtökin og var það samdóma álit þessara aðila að fyrirhugaðar lagabreytingar væru svo óljósar um margt að eðlilegt væri að gefa þessu viðfangsefni betri tíma. BSRB áréttar að þegar gerðar eru breytingar á sviði neytendaverndar eigi að huga vel að áherslum verkalyðshreyfingar og þá ekki síður Neytendasamtakanna.

Í 3. gr. frumvarpsins segir að forstjóri Neytendastofu skuli hafa víðtæka þekkingu og reynslu á málefnum á sviði stofnunarinnar. Þetta er sjálfsagt mál. Þá er gert að kröfu að hann skuli

hafa háskólamenntun án þess að það sé skilgreint nánar á hvaða sviði hún skuli vera. Þetta er fráleitt ákvæði sem ratar þó inn í alla löggjöf sem frá Alþingi kemur nú um stundir og virðist fyrst og fremst eiga að útiloka allt fólk frá embættum hjá hinu opinbera sem ekki hefur háskólagráðu upp á vasann. Þessu mótmælir BSRB.

Í ákvæði til bráðabirgða segir að starfsmönnum Löggildingarstofu skuli boðið annað starf hjá Neytendastofu. Hér þarf að standa sambærilegt starf.

f.h. BSRB,

Svanhildur Halldórsdóttir